

## 1. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá og í fjarfundi miðvikudaginn  
3. febrúar 2021 kl. 20:00.

**Mætt eru:** Viktor S. Pálsson formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir  
(fjarfundur) og Sigrún Hreiðarsdóttir ásamt Gissuri Jónssyni  
framkvæmdastjóra.

**Fjarverandi:** Hjalti Þorvarðarson og Sverrir Einarsson.



### 1. Afreks- og styrktarsjóður 2020

Tillaga að úthlutun samþykkt eftir umræður og í samræmi við bókun  
aðalstjórnar frá 2. desember 2020. Vegna þeirra áhrifa sem heimsfaraldur af  
völdum Covid-19 hafði á íþróttastarf á árinu 2020 var niðurstaða  
framkvæmdastjórnar að víka lítillega frá reglugerð um sjóðinn.

### 2. Æfingar utan héraðs

Staðfest úthlutun á styrk vegna æfinga utan héraðs í samræmi við úthlutun  
undanfarin ár.

### 3. Aukagreiðsla frá HSK vegna Lottó

Samþykkt tillaga að úthlutun sem byggir á úthlutun á Lottó árið 2020.

### 4. Sumarblað Árborgar

Staðfest að Umf. Selfoss muni vera með kynningar á sumarstarfi félagsins í  
kynningarblaði (sumarblaði) Árborgar. Mögulega verður blaðið ekki gefið út en  
í staðinn kynntur nýr upplýsingavefur.

### 5. Ársreikningur 2020

Staðfestur af framkvæmdastjórn með breytingum í samræmi við umræður.

### 6. Fjárhagsáætlun 2021

Farið yfir fjárhagsáætlun 2021. Framkvæmdastjóra ásamt bókara falið að  
vinna endanlega áætlun í samræmi við umræður á fundi. Afgreiðslu vísað til  
næsta fundar aðalstjórnar.

### 7. Undirbúningur aðalfundar

Lagt til að aðalfundur fari fram fimmtudaginn 29. apríl 2021, dagskrá  
aðalfundar er samkvæmt lögum félagsins. Ársskýrsla lögð fram í Braga, ársriti  
Umf. Selfoss, með sama hætti og verið hefur undanfarin ár.  
Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tillögum fyrir aðalfund frá deildum sem  
og tillögum á endurskoðun laga og reglugerða.

## 8. Önnur mál

- Fyrirhuguð stefnumótun knattspyrnudeildar kynnt.
- Heimasíða – Kynning á framgangi verkefnis.
- Íþróttafólk ársins – Kynning á framgangi verkefnis.
- Jólasveinar – Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir uppgjör jóla og þrettánda.
- Ritnefnd – Kynning á framgangi. Opið fyrir auglýsingar helstu stuðningsaðila félagsins.
- Úthlutun úr íþróttasjóð m.a. styrkur að upphæð kr. 300.000 til verkefnisins „Heilsuefling 60 ára og eldri á Selfossi“. Framkvæmdastjóra falið að vera í samskiptum við sveitarfélagið um framgang verkefnisins.
- Samþykkt að taka tilboði frá Símanum í nýtt símkerfi í Tíbrá.
- Framkvæmdastjóri fékk leyfi framkvæmdastjórnar til að taka þátt í Þorrablóti Sunnlendinga.
- Framkvæmdastjóra veitt heimild til að virkja uppstillinganefnd fyrir aðalfund félagsins.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:00.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**